

## HIN UNGA ÍSLENSKA MYNDLIST

Guðmundur Einarsson

Nordens Kalender **1935**: 173 -186, málagn norrænu félaganna.

18 svart-hvítar ljósmyndir af verkum listmanna.

Þýtt úr sænsku (ATG)

Ef litið er á íslenska myndlist í heild sést að á henni er æskubragur og hún ber merki andstæðnanna sem einkenna fósturland hennar. Líkja má henni við bjarkarteinung sem gróðursettur er í næringarríkum jarðvegi svo hann vaxi og dafni vel. Eðlilegt má telja að þessi unga viðja sýni á sér fjölbreyttar hliðar og þá þeim mun frekar þegar þess er gætt að íslensk myndlist varð til á umbrotatímum sem gerjuðust meðal evrópskra listgreina.

Fámennur hópur myndlistarmanna fylgdi í fótspor örfárra brautryðjenda. Hann dreifðist til listaborga í fáeinum löndum og að sjálfsögðu var það dvölin hjá norrænu frændþjóðum okkar sem sýndi okkur fyrst fram á hversu mikils við höfðum farið á mis við í ríki listanna. Þjóðin hafði hyllt lífið og öll þess margvíslegu litbrigði í sögum og í söng en lagt minna upp úr að tjá hugmyndir sínar með pensli og meitli.

Þjóðirnar suður í Evrópu hafa áratugum saman eignast stórkostlega fjársjóði myndlistarinnar með verkum snjallra myndlistarmanna en við eigum fáa dýrgripi til að skreyta með nýbyggð hús og ekkert listasafn þar sem unnt er að sýna börnum okkar hvernig fólk fyrr á öldum túlkaði hug sinn í myndmáli. Til eru örfá listaverk fortíðar sem varðveist hafa. Þau sýna fram á að eitt sinn var listhönnun útbreidd og silfursmíði algeng, en einnig vefnaður og tréskurður sem menn iðkuðu lengi vel; segja mætti að hver beltissylgja og hver askur væri listaverk á sinn hátt. Þá var orðið listamaður ekki haft um menn heldur hagleiksmaður, þ. e. listfengur alþýðumaður.

Unga fólkið, sem haldið hefur út í heim með þeim ásetningi að hverfa aftur til ættjarðarinnar með heilagan kyndil myndlistarinnar, mun í rauninni breyta litríkum og formföstum ljóðum skáldanna í myndir á striga og í steini. Auðvitað hafa þessir ungu listamenn leitað í arfleidd gömlu skreytilistarinnar og ekki síst stórkostleg litbrigði í náttúru landsins. Frá æskuárunum hafa mikilfengleg fjöll og hvítbragandi, tignarlegir jöklar hrifið huga listamannsins og mótað formskynjun hans.

Vert er að taka eftir því að íslenskir myndlistarmenn hafa leitað að lærimeisturum í yngri og eldri "skólum"; íhaldsömum stofnunum þar sem námið fer að langmestu leyti fram í vinnustofum. En hvort sem myndlistarmennirnir nutu skólagöngu í Skandinavíu, París, München, Róm eða San Fransískó hafa þeir snúið til heimalandsins og haldið náminu áfram undir berum himni. Listamennirnir hafa oft en ekki yfirgefið rúmgóðar vinnustofurnar og haldið á vit náttúrunnar þar sem vinnuaðstaðan er ekki ávallt ákjósanleg. Einu gildir hvort listamennirnir hafa komið hingað heim sem expressjónistar, kúbistar eða natúralistar; mikilfengleg og tær fegurð náttúrunnar hefur haft áhrif á þá og mótað myndlist þeirra á skömmum tíma, gefið þeim laust beislið til þess að þróa sinn eigin stíl. Þrátt fyrir þetta hafa tengslin við útlönd ekki slitnað; þvert á móti hafa íslenskir myndlistarmenn lagt kapp á að listaverk þeirra standist alþjóðlegan samanburð eftir stöngustu mælikvörðum listarinnar. Þeir hafa haldið tengslum við helstu stefnur heimslistarinnar með sýningum á eigin verkum (á erlendri grund, innsk. ATG) og lengri og styttri námsferðum.

Það liggur í augum uppi að erfitt mun vera að benda á sameiginlega þætti í verkum íslenskra myndlistarmanna. Slíkt er heldur ekki tilgangur þessara skrifa; þeim er ætlað að kynna hvern listamann fyrir sig og benda á persónulega listsköpun hvers og eins með lýsingu á verkunum og í sumum tilvikum vísa ég til ljósmynda.

Mig langar að hefja lýsinguna með höggmyndalistinni. Þar skal geta verka eftir einn helsta brautryðjanda íslenskrar myndlistar: Einars Jónssonar. Hjá Einari getur að líta skýrustu dæmin um þá eiginleika sem fyrr er lýst: Hugarflug skáldsins og alhliða formskyn myndhöggvarans. Verk Einars eru stórbrotin og öflug, líkt og ljóð Gutavs Fróðing. Einar Jónsson stundaði nám sitt víða í Evrópu en þrátt fyrir fjölbreytileikann hafa nýjustu straumarnir ekki haft áhrif á formskyn hans. Í hugarheimi hans er engu að síður að finna austræn áhrif; listamaðurinn leyfir ólíkum hugmyndum að koma fram á þann hátt að augljóst verður að í myndlist er auðveldara að sameina andstæðurnar en á flestum öðrum sviðum menningar. Sterkt, persónulegt yfirbragð einkennir verk Einars Jónssonar. Þrátt fyrir margslungnar línur hvílir mikil ró yfir þeim; fyrri tíðar tækni listamanna sem unnu flóknar myndir í eir (brons) hefur runnið saman við myndheim hans enda er takmark hans að verkin verði endanlega steyppt í eir .

Einar Jónsson telst nú meðal fremstu myndlistarmanna Norðurlanda og ættjörðin hefur sýnt honum þakklæti sitt í verki með því að kosta til bæði vinnustofu og safn í hans nafni.

Nokkrir aðrir myndhöggvarar þróa sín verk um þessar mundir. Má þar nefna Nínu Sæmundsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, Ríkarð Jónsson og Magnús Árnason. Nína Sæmundsson og Sigurjón Ólafsson hafa tileiknað sér fagurfræðilega tækni Utsons Frank. Bæði búa þau yfir óvenjulega krafti og yfir verkum þeirra er vorblær og þau vitna um æskuprek sem leiðir hugann að björtum sumarnóttum. Ásmundur Sveinsson er víðförull maður; lengst af var hann samt í námi hjá Milles og síðar í París. Einfaldur, næstum því arkitektónískur, stórskorinn stíll einkennir verk Ásmundar. Hann hefur einnig unnið frásagnarkenndar veggmyndir. Myndefni sitt sækir hann gjarnan til þjóðsagna og Íslendingasagna en auk þess býr hann líka til frábærar smámyndir. Ríkarður Jónsson er einn afkastamesti andlitsmyndasmiður landsins og hefur hann gert portrett af mörgum framámönnum. Mörg myndverka hans eru sér í flokki, einnig höggmyndirnar unnar í tré.

Magnús Árnason er fjölhæfur heimsmaður. Hann býr til þrívíð verk, málur og semur tónlist svo eitthvað sé nefnt. Mörg verkanna eru draumkennd og hann verður að teljast sérstæður meðal íslenskra myndlistarmanna.

Sem fremsta brautryðjanda íslenskrar málalistar ber að nefna Ásgrím Jónsson, þrátt fyrir að Sigurður Guðmundsson og Þórarinn Þorláksson verði einnig að hafa með í flokki frumherjanna. Þessir menn tilheyrðu upphaflega gamla náúralistíska "skólanum" sem undanfarið hefur ekki náð að blómstra frekar héraendis. Ásgrímur Jónsson hlaut menntun sína í þeim "skóla" sem ungur maður en varð fyrir miklu áhrifum af sköpunarkrafti impressjónista á ferðalögum í Mið-Evrópu. Eins og listamaðurinn kemst sjálfur að orði: „Þá fyrst fann ég réttu formin og litina sem falla að hugmyndum mínum“.

Hann reisti málartörun sína við fjallsrætur og málaði sibreytilega fegurð heimskautasvæðisins bæði með olíu- og vatnslitum. Smám saman stækkaði safn myndefnisins því hinir djörfu impressjónísku pensildrættir kröfðust þess.

Listamaðurinn opnaði augu landsmanna sinna fyrir því að unnt er að fanga ríkuleg litbrigði náttúrunnar með öðru móti en í ljóði.

J. S. Kjarval vekur athygli fyrir stanslausu þróun sem listamaður. Hann sýnir sífellt á sér nýjar hliðar. Hann hefur átt þátt í mörgum þýðingarmestu og sérstæðustu framförum íslenskrar myndlistar. Kjarval er jafnvígur á myndform kúbismans, natúralismans og ekspersjónismans, og sameinar oft þessar andstæður á aðdáunarverðan og sannfærandi hátt.

Jón Stefánsson er meistari í því að koma því leyndardómsfulla og þunga í íslenskrri náttúru til skila. Verk hans eru mikilfengleg og massíf eins og granít. Hann er nemandi Matisse en hefur skapað sér sinn persónulega stíl, bæði hvað varðar liti og form. Myndir hans eru bæði heilsteypar og litríkar.

Svipaða sögu má segja um verk Kristínar Jónsdóttur. Ein mynda hennar, sem sýnir þvottalaugarnar í Reykjavík, er skýrt dæmi um hve vel listamaðurinn nær að koma aðalatriðum til skila.

Ekki síðri hvað dirfsku í litavali og teikningu snertir er Júlíana Sveinsdóttir. Hún notar oft litina þannig að þeir verða kristaltærir. Júlíana er snjall portrettmálari og hefur, líkt og Krsitín Jónsdóttir, málað fyrirtaks verk sem sýna uppstillingar (Stilleben).

Finnur Jónsson (bróðir Ríkarðs Jónssonar) hefur hlotið þýska skólun. Hann málar þung sævarbrot Atlantshafsins og sjómennina sem berjast við þau á smábátum; en sýnir okkur líka jökla og fjöll með sama örugga handbragðinu.

Annar afkastamikill málari heitir Gunnlaugur O. Scheving. Hann er einn okkar yngstu málara en telst engu að síður meðal hinna frambærilegustu. Hann málar hýbýli fátækra fiskimanna á ógleymanlegan hátt og sýnir hlutskipti þeirra sem minnst fá í sinn hlut af stritinu svo vel að það minnir á verk Käte Kollwitz "Uppreisn vefaranna".

Gunnlaugur Blöndal, nafni hans, færir okkur heim sanninn um að Ísland og Íslendingar búa yfir miklum andstæðum. Hann málar, með ljósum litum og Parísartækni, fagar konur og mannamyndir, en líka hvíta seglabáta í sumarbláum fjörðum og glæsihús við Signubakka. Listamaðurinn er meistari með olíuliti og pastelliti.

Kristján Magnússon hefur einnig auga fyrir því léttu og fagra í íslenskrri náttúru; vetrarmyndir hans frá Þingvöllum eru svifléttar og litfagar og oft finnst manni sem þær boði björt framtíðarheit. Jón Þorleifsson er líka málari sumarsins og ljósra lita. Sama má segja um Þorvald Skúlason.

Eggert Laxdal og Brynjólfur Þórðarson hafa stundað nám í München og París. Þeir eru jafnvígir á olíu- sem vatnsliti og að auki afburða teiknarar. Teikningar Laxdals úr náttúru Suður-Frakklands eru afar góðar.

Snorri Arinbjarnar og Jón Engilberts luku sinni skólagöngu í Oslo. Þeir hafa tileinkað sér hina djörfu og litríku norsku tækni og hlotið mikla viðurkenningu enda þótt listamannsferillinn sé stuttur. Af öðrum ungum málurum vil ég nefna Svein Þórarinsson sem hefur vakið mikla athygli, ásamt eiginkonu sinni Agnesi Þórarinsson. Sama má segja um Ásgeir Bjarnþórsson. Hann hefur nokkra sérstöðu meðal íslenskra listmálara með uppstillingar sínar og portrett í nýklassískum stíl. Þá má líka nefna til sögu hinn unga Ólaf Túbals. Loks er áhugvert að sjá hvernig Grete Björnsson lýsir íslensku landslagi. Hún er sænsk en Agnes Þórarinsson er dönsk. Þessir

kvenlistamenn, eins og nokkrir karlmenn sem hafa valið Ísland sem sitt annað föðurland, hafa opnað augu okkar, íslensku félaganna sinna, fyrir því að utanaðkomandi fólk á auðveldara með að uppgötva suma þætti í lífi þjóðarinnar og náttúrunnar er en okkur Íslendingum, enda segir máltækið: - Glögg er gests augað.

Nokkrir listamenn hafa hlotið mesta athygli á sviði grafískrar myndlistar, meðfram málaralistinni. Þeir eru: Guðmundur Thorsteinsson (Muggur), Tryggvi Magnússon, Kristinn Pétursson og Eggert Guðmundsson. Sá fyrstnefndi, sem lést því miður á miðju blómaskeiði, hefur notið mestrar almennrar lýðhylli íslenskra myndlistarmanna heima fyrir. Muggur var eflaust það sem við köllum snilling. Hann valdi myndefni sín úr heimi sagna og ævintýra; teiknaði tröll og álfa svo lifandi að gömlu skáldverkin og fornsögurnar öðluðust nýtt líf og fengu nýtt gildi. Hann gat líka dregið upp myndir af litlum prinsessum og hafmeyjunni "sem sat á steini og hörpu sló" og myndskreytti söguna um kerlinguna sem steðjaði til himnaríkis með sálu karlsins sína. Síðust mynda hans, sem hann málaði fársjúkur, er altaristafla, "Kristur læknar sjúka"; listaverk, gætt áhrifamikilli fegurð.

Að lokum vil ég staðnæmast við umtalaðasta skopmyndateiknara okkar, enda þótt öllum hugnist eðlilega ekki slík iðja, nefnilega þann sem minnst var á hér að framan: Tryggva Magnússon. Skemmtiritið Spegillinn, þar sem teikningar hans birtast oftast, kemur óþægilega fast við pólitíska starfsemi í landinu. En listamaðurinn er líka málari og hefur skapað verk sem standast tímans tönn, með myndefni úr draugasögum og sögnum.

Hér með tel ég mig hafa kynnt íslenska myndlistarmenn sem hafa áunnið sér orðstír heima og heiman.

### ***EFTIRMÁLI ÞÝÐANDA***

*Hér er komin grein Guðmundar, þýdd úr sænsku, sem nefnd er í viðtali okkar Guðmundar Odds (sjá hér á vefsíðunni). Tónninn í henni er annar er síðar varð í íslenska myndlistarheiminum, t.d. á árunum 1947-1960. Hvað olli sundrununni, óbilgirni listamanna eða - hópa og tilraunum til að ýta sumum listamönnum út í kuldann en hampa öðrum verður seint afhjúpað. Ástæðurnar eru að sönnu flóknar, sumpart pólitískar, og vafalaust tengdar þeirri röngu og trúarlegu afstöðu að réttmæti eigin hugmynda sé það algilt að það rýri aðrar hugmyndir svo kyrfilega að þær eru réttláusar með öllu. Í myndlist verður slíkt til þess að ein gerð myndlistar útilokar aðra. Þá er aðeins til "annað hvort eða"; ekki "bæði og".*

*Að einhverju leyti voru átökin óhjákvæmileg líkt og oftast þegar ólíkar stefnur í menningunni takast á, en ef til vill má af þeim læra, einkum nú þegar hlé er á og flestar myndlistarstefnur eru taldar hafa eitthvað til síns ágætis. Afstaða Guðmundar í þessari grein til félaganna sinna, margra listastefna samtímans og nýliðins tíma, þarna nokkru fyrir síðari heimsstyrjöldina, er mun sveigjanlegri og jákvæðari en síðar varð. Það er áhugavert að velta fyrir sér af hverju svo fór sem fór.*

*Ari Trausti Guðmundsson*